

Fundargerð

4. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 18. mars 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Gunnar Sigurðsson, almennatengslafulltrúar, og Hrunn Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir

Fundargerð 1. fundar frá 4. febrúar og fundargerð 3. fundar frá 4. mars sl. samþykktar.

2. Landsliðsmálefni í hóp fimleikum

Málið var tekið fyrir á stjórnarfundum 4. mars sl. undir lið 6, bréf tækninefndar í hóp fimleikum um landsliðsverkefni. Stjórn FSÍ fundaði með formönnum félaga 10. mars sl. Um var að ræða símafund sem fulltrúar tveggja félaga tóku þátt í, þ.e. frá Akureyri og Egilsstöðum. Fulltrúar sex félaga, Ármanns, Gróttu, Stjörnunnar, Gerplu, Keflavíkur og Selfoss mættu á fundinn. Stjórn þakkar þeim félögum sem tóku þátt þrátt fyrir stuttan fyrirvara. Lagt er fram minnisblað af fundinum. Í lok minnisblaðsins er bókað: „Óskað er eftir að félögin greini FSÍ frá niðurstöðum sínum og hvernig þau sjá fyrir sér aðkomu sinna félaga að þessu tilraunaverkefni fyrir næsta stjórnarfund sem er 18. mars. Spurningar sem félögin þurfa að svara er m.a. Eru þau tilbúin til að greiða þann auka kostnað sem felst í að þjálfa landsliðskeppanda heima í félaginu. Eru þau tilbúin til að styrkja keppandann til að mæta á landsliðsæfingar, ferðakostnað erlendis o.s.frv. Formaður biður fundarmenn að gleyma því ekki að við störfum öll innan sjálfboðaliðahreyfingar. Að lokum er athygli vakin á því að við getum verið með á Evrópumótinu nk. haust í juniora flokki með því að velja félagslið sem landslið, það er ódýrasti kosturinn.“ Svör hafa borist frá eftirtöldum félögum: Keflavík, Ármanni, Fimleikafélagi Akureyrar, Gerplu og Selfossi. Stjórn þakkar félögum fyrir svörin. Farið var yfir svörin og málið rætt. Öll félögin samþykkja að farið verði í verkefnið og leggja áherslu á að um tilraunaverkefni verði að ræða. Ákveðið var að stjórn fundi með tækninefnd í hóp fimleikum og fari yfir málið og kynni nefndinni hver aðkoma FSÍ verði í þessu tilraunaverkefni.

3. Beiðni frá Fimleikafélaginu Björk um félagaskipti

Lagt er fram bréf frá Fimleikafélaginu Björk, dagsett 15. mars sl. Afgreiðsla málsins: Samkvæmt 12. gr. reglugerðar Fimleikasambandsins Íslands geta félagaskipti aðeins farið fram tvisvar á ári frá 1.-15. janúar og 1. ágúst -15. september. Með vísan til 12. gr. reglugerðar Fimleikasambands Íslands er beiðninni hafnað. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna bréfitara og mótshaldara á Íslandsmóti í hóp fimleikum 10. apríl nk. um afgreiðslu málsins.

4. Ákvörðun um fararstjóra á mót erlendis

Að fenginni tillögu tækninefnda kvenna og karla í áhaldafimleikum tilkynnist að Axel Bragason verður fararstjóri á Norðurlandamóti senjora í áhaldafimleikum og óopinberu Norðurlandamóti drengja í áhaldafimleikum og Davíð Ingason verður fararstjóri á Evrópumóti karla í áhaldafimleikum.

5. Fundur Nordic Gymnastik í apríl nk.

Á fundi stjórnar 5. febrúar sl. var samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri færu á fundinn. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvort tækninefndir óski eftir að tiltekin mál verði rædd eða tekin fyrir á fundinum.

6. Óopinbert Norðurlandamót í áhaldafimleikum pilta – bréf frá stjórn Gerplu

Stjórn þakkar félaginu fyrir bréfið.

7. Nýtt húsnæði í Keflavík

Föstudaginn 5. mars sl. var ný fimleikaaðstaða formlega opnuð í Keflavík. F.h. stjórnar mættu formaður og varaformaður. Stjórn FSÍ ítrekar hamingjuóskir til félagsins með glæsilega aðstöðu.

8. Mótaöld í mars sl.

Stjórn FSÍ þakkar öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd eftirtaldrá móta:

Íslandsmóti í þrepum sem haldið var 6. mars sl. hjá Björk

Bikarmótið í hópfimleikum sem haldið var 13. mars hjá Stjörnunni.

9. Til kynningar

a. Bréf FIG, upplýsingar um hvernig staðið verður á vali á Ólympíuleika 2012

b. Boð og dagskrá á 78th FIG congress í Vysoke Tatry, Slóvakíu sem haldið verður 29. október – 1. nóvember 2010.

Fundargerð lesin upp og staðfest af fundarmönnum.

Fundi slitið kl. 17:45.

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.